

Nýtt skólaár í mentor

Nýtt skólaár í mentor verður virkt að morgni skólaboðunardagsins 22. ágúst.

Frá þeim tíma geta nemendur og foreldrar nálgast þar stundaskrár, hópaskiptingar

Um leyfi nemenda

Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skóla í 1-2 daga ber forráðamanni að hafa samband við umsjónarkennara. Beiðni um lengra leyfi en tvo daga þarf samþykki skólastjóra og skal sótt um slíkt leyfi á eyðublaði sem finna má á heimasíðu skólans undir „Eyðublöð“

Hnetulaus skóli!

Við minnum á að Hörðuvallaskóli er hnetulaus vegna ofnæmis nokkurra nemenda. Engar hnetur í nesti - eða nokkuð sem inniheldur hnetur!

Kæra skólasamfélag

Af viðleitni til að bæta upplýsingamiðlun frá skólanum ætlum við nú að gera tilraun með að senda út mánaðarlega til forráðamanna rit af þessu tagi og má hér líta fyrsta eintakið. Hugmyndin er að á forsiðunni verði jafnan að finna litlar fréttir af skólastarfinu eða skilaboð af ýmsu tagi frá skólanum, en á baksíðunni verði að finna matseðil mánaðarins og yfirlit yfir helstu atburði mánaðarins.

Það er annars helst að fréttu úr skólanum að undirbúningur fyrir skólabyrjunina er í fullum gangi og allt saman lítur þetta bara vel út. Búið er að manna kennarastöður en vantar rétt herslumuninn að full mönnun hafi náðst í dægradvöl og skólaliðastöður. Nemendum fjölgar hins vegar enn sem áður hratt og stefnir nú í að nemendafjöldinn hjá okkur í vetur fari jafnvel yfir 870 nemendur.

Skólabyrjun verður með hefðbundnum hætti, skólaboðunardagur er 22. ágúst og formleg skólaopning í Kórnum að morgni þriðjudagsins 23. ágúst kl. 8:30. Að því búnu hefst svo kennsla samkvæmt stundaskrá.

Með von um farsæla skólabyrjun og árangursríkt skólastarf hjá okkur í Hörðuvallaskóla veturinn 2016-2017.

Gleðilegt nýtt skólaár!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Skólaboðunardagur - 22. ágúst 2016

Skólastarf haustið 2016 hefst með venjubundnum skólaboðunardegi þar sem nemendur og foreldrar mæta í viðtal til umsjónarkennara. Sem fyrr höfum við það fyrirkomulag á niðurröðun viðtala að foreldrar sjálfir bóka sig á viðtaltíma hjá umsjónarkennara í gegnum mentor.is. Þá er farið inn á fjölskylduvef mentor og smelt á hlekk sem birtist hægra megin á síðunni - "bóka foreldraviðtal". Greinargóðar leiðbeiningar vegna þessa má finna á slóðinni:

<https://www.youtube.com/watch?v=ILHx3ngQD6g>

Gert er ráð fyrir að viðtöl séu 15 mínútur í 1. bekk en annars 10 mínútur og því afar mikilvægt að allir séu stundvísir þegar mætt er til viðtals. Ef þið lendið í vandræðum eða óskið eftir aðstoð við tímabókanirnar er um að gera að hafa samband við ritara skólans. Ef þið finnið alls enga tímasetningu sem ykkur hentar er best að hafa beint samband við viðkomandi umsjónarkennara.

Áskriftir í mötuneyti og dægradvöl

Mötuneyti - Sótt er um áskrift að mötuneyti skólans í gegnum íbúagátt Kópavogsbæjar.

Athugið að nemendur sem voru í mötuneytisáskrift á fyrra skólaári þurfa ekki að sækja um fyrir þetta skólaár vilji þeir halda áfram í áskrift. Þeir sem eru í áskrift í dag en vilja ekki vera í áskrift frá og með upphafi þessa skólaárs þurfa hins vegar að segja upp áskrift í gegnum íbúagátt. Samsagt - áskriftir fyrir mötuneyti haldast óbreyttar milli ára nema að foreldrar geri breytingar í gegnum íbúagátt. Umsóknarfrestur er til 20. ágúst en hvatt er til að ganga frá umsóknum sem allra fyrst.

Dægradvöl - Enn er opið fyrir umsóknir í dægradvöl fyrir skólaárið 2016-2017. Athugið að umsóknum fyrir síðastliðið skólaár var öllum lokað í lok skólaárs svo sækja þurfti um að nýju fyrir komandi skólaár 2016-2017. Samsagt - ef óskað er eftir vist í dægradvöl í vetur en ekki hefur verið sótt um þarf að drífa í því í allra síðasta lagi 20. ágúst.

[Smellið hér til að opna íbúagátt Kópavogsbæjar...](#)

[Smellið hér til að skoða gjaldskrár mötuneyta og dægradvala Kópavogs](#)

Sumardvöl 1. bekkjar

Meirihlutinn af verðandi 1. bekk mætti til starfa í skólanum þann 8. ágúst sl. í svokallaða sumardvöl þar sem þau una í tvær vikur í skólanum undir umsjón starfsmanna dægradvalar, þar til hið formlega skólastarf hefst. Myndin hér til hliðar er einmitt af nokkrum glöðum krökkum í sumardvöl.



Fráfall í starfsmannahópnum

Soffía Guðmundsdóttir kennari, sem starfað hafði við Hörðuvallaskóla undanfarin ár, lést í sumar eftir baráttu við krabbamein. Starfsfólk og nemendur skólans minnst hennar með hlýhug og söknuði og senda aðstandendum hennar einlægur samúðarkveðjur.

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
21.	22. Skólaboðunardagur Dægradvöl lokuð	23. Lasagna með grófu snittubrauði. Salatbar og ávextir. Skólasetning— mæting beint í Kórinn kl. 8:30	24. Hrisgrjónagrautur með kanilsykri, rúsínum, lifrarpylsu og blóðmör. Ávextir.	25. Fiskibollur m/brúnni sósu, soðnum kartöflum og sultu. Salatbar og ávextir.	26. Matarmikil íslensk kjötsúpa. Ávextir.	27.
28.	29. Gufusóðin ýsa m/bræddu smjöri og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	30. Lambasnitset með bernaisesósu og soðnum kartöflum. Salatbar og ávextir.	31. Píta m/ skinku, grænmeti og pítusósu. Ávextir.	1. september Heimalagaður ofnbak- aður fiskur í karrýsósu m/brúnum hrisgrjónum. Salatbar og ávextir.	2. Nautahakk og pasta-skrúfur í rauðri sósu. Salatbar og ávextir.	3.

Muna:

Skrá viðtöl á skólaboðunardaginn 22. ágúst - sjá forsiðu.

Dægradvöl er lokuð á skólaboðunardaginn, 22. ágúst

Skólasetning er í knatthúsinu Kórnum kl. 8:30 þriðjudaginn

23. ágúst. Foreldrar eru að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir.

ATH - ekki morgundvöl í boði þennan morgunn!

Innkaupalista má finna á heimasíðu skólans.


Spjaldtölvur í 5.-10. bekk

Frá og með skólaárinu sem er að hefjast munu allir nemendur í 5.-10. bekk hafa spjaldtölvur til umráða. Nemendur í 5.-6. bekk munu fá sín tæki afhent í byrjun skólaársins en boðað verður til kynningarfundar með foreldrum þegar nær dregur og verða tímasetningar þeirra auglýstar síðar. Á neðangreindum tengli er hins vegar að finna upplýsingabækling fyrir foreldra sem sendur var út til foreldra nemenda í 6.-9. bekk sl. Vor og gott er fyrir alla foreldra í 5.-10. bekk að kynna sér ef þeir eru ekki búnir að því nú þegar.

https://issuu.com/spjaldtolvurkopavogi/docs/vertu_foreldri

Kemba!!

Nemendur skólans hafa væntanlega farið víða í sumar og það verður að teljast afskaplega líklegt að einhvers staðar í hópnum kunni að leynast lús í hári... já jafnvel hjá þínu barni!



Væri ekki ótrúlega snjallt ef allir tækju sig nú saman um að kemba hár barna sinna þannig að við gætum komið í veg fyrir að ófögnuðurinn nái að dreifa sér þegar börnin hittast í skólanum??

Koma svo - allir samtaka nú - allir hausar kembdir vel og vandlega fyrir skólasetningardaginn 22. ágúst!

Nema- og frístundakortin komin í Strætó-appið

Nú geta nemendur, tilvonandi doktorar allt frá fyrsta bekk og upp úr, keypt sér árskort í Strætó á vefnum og valið um að fá það sent í Strætó-appið eða inn um póstlúguna. Báðar gerðir eru jafnóðrýrar.

Nema- og frístundakort veita námshestum á öllum aldri aðgang að strætó á einkar hagstæðum kjörum með korti sem gildir í ár frá útgáfudegi á höfuðborgarsvæðinu!

App-útgáfa skólakortanna er jafnóðrýr og hin leiðin, að fá kortið sent senda heim. Sem fyrr eru gjaldflokkar eftir aldri notenda:

Frístundakort - árskort fyrir 6–11 ára Verð: 7.900 Nema- og frístundakort - árskort fyrir 12–17 ára Verð: 19.900



Skóladagatal 2016-2017

Hægt er að nálgast skóladagatal vetrarins á heimasíðu skólans eða beint á slóðinni:

<http://www.horduvallaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

